



Fjárhættuspílahegðun ungmenna á Íslandi: Samanburður á niðurstöðum ESPAD-spurningakönnunar frá 2015 og 2024

Ragný Þóra Guðjohnsen og Unnar Geirdal Arason

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Á undanförunum misserum hefur mátt greina breytingar í ástundun fjárhættuspíla hér á landi. Einkum hafa veðmál sem snúa að úrslitum íþróttaleikja verið áberandi og bent hefur verið á aukna markaðssetningu fjárhættuspíla sem beinast að ungu fólki. Rannsókn þessi byggir á gögnum úr Evrópsku vímuefnarannsókninni (European Survey Project on Alcohol and other Drugs, ESPAD) árin 2015 og 2024. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þróun á algengi fjárhættuspílahegðunar frá 2015 til 2024 eftir kyni, tíðni spílahegðunar („fátíð“: „mánaðarlega eða sjaldnar“; „tíð“: „tvisvar í mánuði eða oftar“), vettvangi spíluar („á stað“, „á neti“, „bæði á stað og neti“) og eftir því hversu áhættusöm hún er („minna áhættusöm“: happdrætti, hefðbundin spil; „meira áhættusöm“: spílakassar, veðmál). Þátttakendur voru nemendur í 10. bekk grunnskóla. Þegar niðurstöður mælinganna 2015 og 2024 voru bornar saman mátti sjá að algengi „fátíðrar spíluar“ hafði aukist verulega á tímabilinu, bæði hjá drengjum og stúlkum og óháð því hvort spílað var „á stað“, „á neti“ eða „bæði á stað og neti“. Algengi „tíðrar“ fjárhættuspílahegðunar hafði sömuleiðis aukist verulega þó hún væri ekki jafn mikil og í „fátíðu spíluarinn“, og var það óháð kyni og því hvort spílað var „á stað“ eða „á neti“. Þegar kannað var algengi „minna áhættusamrar“ og „meira áhættusamrar“ fjárhættuspíluar kom í ljós að mesta aukningin hafði orðið í „fátíðri“ fjárhættuspíluar sem var „minna áhættusöm“ þó aukning hafi einnig orðið á „fátíðri“ fjárhættuspíluar sem var „meira áhættusöm“ en þar var þátttaka drengja mun meiri en stúlkna. Niðurstöðurnar varpa ljósi á nauðsyn þess að grípa inn í þessa stöðu með því að skýra regluverk um fjárhættuspil og auka fræðslu og forvarnir með það að markmiði að draga úr fjárhættuspílahegðun hjá ungu fólki hér á landi.

Efnisorð: ungmenni, fjárhættuspílahegðun, algengi, tíðni, tegundir, áhættusemi, kyn

Inngangur

Fjárhættuspílahegðun hefur í vaxandi mæli verið talin ógn við félagslega, efnahagslega og heilsufarslega velferð einstaklinga og samfélaga víða um lönd (Wilson o.fl., 2024). Rannsóknir hafa jafnframt bent til þess að fjárhættuspil ungmenna hafi neikvæð áhrif á þroska þeirra og námsárangur og geti aukið hættuna á annarri áhættuhegðun (Armitage, 2021). Sjónir rannsakenda hafa því beinst að því að kortleggja algengi hennar bæði hjá fullorðnu fólki en jafnframt meðal ungmenna. Í því skyni hafa meðal annars verið gerðar yfirlitsrannsóknir og sýndi rannsókn Tran o.fl. (2024) að algengi fjárhættuspíluar á síðustu 12 mánuðum meðal fullorðinna var 46,2% og meðal ungmenna 17,9%. Tíðni fjárhættuspílahegðunar var hærri meðal karla/drengja (49,1%) en kvenna/stúlkna (37,4%). Algengi áhættufjárhættuspíluar (e. problem or problematic gambling) var aftur á móti 8,7% meðal

fullorðinna en rannsóknir skortir á algengi hennar hjá ungmennum. Hið sama á við hér á landi þar sem þörf er á frekari rannsóknum um spílahegðun ungmenna (Daníel Þór Ólason, 2024).

Evrópska vímuefnarannsóknin ESPAD hóf að mæla fjárhættuspílahegðun ungs fólks árið 2015 og síðan hafa verið gerðar tvær viðbótarmælingar; árið 2019 og 2024. Í nýlegri skýrslu ESPAD (2025b) með niðurstöðum frá 2024 kom fram að 23% ungmenna á 16. ári í þátttökulöndum Evrópu höfðu stundað einhvers konar fjárhættuspil að minnsta kosti einu sinni síðastliðna 12 mánuði. Sérstaka athygli vakti í niðurstöðum ESPAD að fjárhættuspílahegðun hjá ungmennum á Íslandi hafði aukist verulega og var hún næsthæst meðal ESPAD-þátttökulanda, eða 41%. Almenn hefur fjárhættuspílahegðun drengja og karla mælst mun meiri en stúlkna og kvenna og hefur það komið fram í niðurstöðum ESPAD-rannsóknarinnar og fjölmörgum rannsóknum sem skoðað hafa algengi fjárhættuspíluvar (Buja o.fl., 2022; Dowling o.fl., 2017; ESPAD, 2016, 2025a; Riley o.fl., 2021). Þar á meðal er nýleg íslensk rannsókn Daníels Þórs Ólasonar (2024) sem skoðar fjárhættuspíluvar meðal fullorðinna Íslendinga. Því kom á óvart að í niðurstöðum ESPAD 2024 var heildarfjárhættuspílahegðun nánast sú sama hjá drengjum og stúlkum á Íslandi (ESPAD, 2025b).

Í ljósi framangreindra niðurstaðna og vaxandi umræðu á undanförunum árum um aukið umfang fjárhættuspíluvar á Íslandi, meðal annars hjá ungu fólki (Bjarki Sigurðsson, 2024), er aðkallandi að kanna algengi og eðli fjárhættuspíluvar í þeirra hópi, með það að leiðarljósi að hægt sé að bregðast við og setja inn forvarnir og inngrip. Markmið rannsóknarinnar er því að nota gögn ESPAD til að kanna nánar þróun á algengi fjárhættuspílahegðunar ungmenna á Íslandi frá 2015 til 2024, eftir kyni, tíðni spílahegðunar, vettvangi spíluvar og því hversu áhættusöm hún er.

Fræðilegur bakgrunnur

Hægt er að skilja fjárhættuspílahegðun ungmenna í ljósi nokkurra fræðikenninga en meðal þeirra er vistkerfakenning Bronfenbrenner (1979) sem leggur áherslu á að þættir hjá einstaklingnum sjálfum annars vegar og í umhverfinu hins vegar geti ýmist verið verndandi fyrir þroska þeirra og velferð eða skapað þeim áhættu. Að auki eru unglingsárin tímabil umfangsmikilla þroskabreytinga sem ná bæði til vitsmuna-, félags- og tilfinningaþátta. Samkvæmt tvíkerfislíkani Steinberg (2008) þroskast á þessum árum umbunar- og tilfinningakerfi heilans hraðar en sjálfstjórnarkerfið og þetta misræmi gerir það að verkum að ungmenni eru á þessu aldurs skeiði sérlega móttækileg fyrir að prófa sig áfram og taka þátt í áhættuhegðun án þess að átta sig að fullu á mögulegum afleiðingum þess fyrir eigin velferð.

Áhættuþættir og verndandi þættir fjárhættuspíluvar

Fjárhættuspílahegðun ungmenna er talin auka áhættu á að þau þrói einnig með sér annars konar vanda, bæði heilsufarslega og félagslega (Raitasalo o.fl., 2024). Því er mikilvægt að kanna hvaða áhættuþættir eru til þess fallnir að auka líkur á fjárhættuspíluvar ungmenna en einnig hvaða þættir eru verndandi. Í yfirlitsrannsóknum Dowling o.fl. (2017) og Nordmyr og Forsman (2020) kom fram að tengsl eru milli einstaklingsbundinna þátta eins og að vera karlmaður eða drengur, en þeir stunda fjárhættuspil í meiri mæli en konur eða stúlkur, en auk þess áhættusamari tegundir fjárhættuspíla, þar með netleiki og spílakassa. Þó mátti í niðurstöðum greina vaxandi fjárhættuspíluvar stúlkna. Jafnframt var það áhættuþáttur sem eykur líkur á að sækja í fjárhættuspil að vera af erlendum uppruna, að reykja, stunda áfengis- og vímuefnaneyslu, kljást við vanda tengdan félagsfærni svo sem félagsfærni, að þjást af einmanaleika, þunglyndi, hvatvísi, tilfinningavanda, að stunda andfélagslega hegðun og kljást við vanda við að stjórna skapi sínu. Hið sama átti við um vanda barna og ungmenna í skólagöngu sem er talinn auka líkur á að þau þrói með sér fjárhættuspílavanda (Calado o.fl., 2017). Meðal verndandi einstaklingsþátta í tengslum við fjárhættuspíluvar eru hins vegar góð líðan, að eiga nána vini, að líða vel í skólanum og eiga góð samskipti við foreldra (Raitasalo o.fl., 2024).

Á hinn bóginn tengjast áhættuþættir fjárhættuspilunar ungmenna ýmsum þáttum í umhverfi þeirra eins og aðstæðum í fjölskyldu. Þannig skipta uppeldishættir miklu máli, eins og að skortur sé á að foreldrar setji börnum sínum mörk varðandi hegðun og að eftirliti og stuðningi við ungmennið sé ábótavant, en það er til þess fallið að auka líkur á fjárhættuspilun (Buja o.fl., 2022; Spångberg og Svensson, 2020). Hið sama má segja um fordæmi um fjárhættuspilun innan fjölskyldu eða í nærumhverfi, til dæmis þegar foreldrar og vinir taka þátt í lottói, kaupa skafmiða eða stunda veðmál en þá er talið líklegra að ungmenni taki einnig þátt og hafi jákvæðara viðhorf til fjárhættuspilunar (Zhai o.fl., 2021). Viðhorf ungmenna til fjárhættuspilunar eða ákveðinna tegunda hennar er talið vera því jákvæðara sem fjárhættuspilunin er viðurkenndari í umhverfi þeirra (Mateo-Flor o.fl., 2020) og sömuleiðis ef ekkert eða lítið regluverk er í kringum hana (Lombardi o.fl., 2024).

Þá hafa rannsóknir á fjárhættuspilun ungmenna sýnt að ákveðnar tegundir fjárhættuspila séu skaðlegri en aðrar og auki líkur á að ungmenni þrói með sér fjárhættuspilavanda (King o.fl., 2020). Meðal annars hafa sjónir rannsakenda beinst að netspilun í þessu sambandi en vaxandi framboð netleikja og fjárhættuspila á netinu hefur aukið aðgengi ungs fólks að fjárhættuspilum og hefur netspilunin verið tengd auknum líkum á að þrói með sér fjárhættuspilafíkn (Montiel o.fl., 2021). Meðal áhættusamra tegunda fjárhættuspila eru spilakassar og veðmál, sér í lagi þegar spilunin er á netinu og ungmenni hafa fyrir marga áhættuþætti (Lombardi o.fl., 2024). Slík skaðleg fjárhættuspilun hefur verulega neikvæðar afleiðingar fyrir heilsu einstaklinga og vellíðan en jafnframt fyrir velferð fjölskyldna og samfélaga (Langham o.fl., 2016).

Fjárhættuspilahegðun ungmenna í Evrópu

ESPAD (2016, 2025) spurningalistakönnunin hefur frá 2015 kannað þátttöku ungmenna í fjórum flokkum fjárhættuspila; spilum eða teningaleikjum, happdrætti og lotteríu, spilakössum og veðmálum um úrslit í íþróttum eða dýrakapphlaupum. Heildaralgengi meðal ungmenna hefur haldist stöðugt í mælingum 2015, 2019 og 2024 eða um það bil 23%. Samsetning hópsins sem spilar hefur þó breyst, svo og eðli spilahegðunarinnar og vettvangur þar sem hún fer fram. Þannig hefur heildarnetfjárhættuspilun tvöfaldast frá 2019 (úr 7,9% í 14%) og meðal stúlkna hefur hún þrefaldast, farið úr 2,7% í 8,7%. Á sama tíma hefur kynjamunurinn lítilllega dregist saman en fjárhættuspilun drengja, sem er almennt mun meiri en stúlkna, fór úr 31,9% árið 2015 í 29% 2024 en stúlkna úr 13,8% í 16%.

Af þeim 23% sem sögðust hafa spilað fjárhættuspil síðastliðna 12 mánuði árið 2024 höfðu 19% spilað á stað eða á sérstökum fjárhættuspilastöðum eins og börum og klúbbum (drengir 25% á móti 14% stúlkna). Hæsta hlutfall slíkrar spilunar var á Ítalíu (44%), Íslandi (34%) og Grikklandi (33%). Hlutfall þeirra sem spiluðu á netinu var 14% (drengir 20% á móti 8,7% stúlkna) og var hæsta hlutfallið á Íslandi (31%) og Grikklandi (26%).

ESPAD mælir einnig hlutfall skaðlegrar fjárhættuspilunar með „Lie/Bet“ skimunarmælingunni og mældist hún 4,7% árið 2019 en jókst í 8,5% árið 2024. Þótt drengir séu oftari í áhættuhópi (11% á móti 4,6% stúlkna), hefur aukning á síðustu árum verið hlutfallslega meiri meðal stúlkna (ESPAD, 2025b).

Fjárhættuspilun á Norðurlöndum

Á Norðurlöndum hefur fjárhættuspilun verið rannsökuð í auknum mæli, sér í lagi í ljósi aukins framboðs á netspilun (Svensson og Sundqvist, 2019). Spångberg og Svensson (2020) beindu sjónum að algengi skaðlegra eða áhættusamari tegunda fjárhættuspilahegðunar (e. problem gambling), eins og ástundun spilakassa og veðmála og nýttu rannsóknargögn ESPAD frá 2015. Í niðurstöðum kom fram að töluverður breytileiki var í algengi fjárhættuspilahegðunar milli Norðurlandanna en að meðaltali var þátttaka í þeim 22% síðastliðna 12 mánuði (Danmörk 21,5%; Finnland 28,5%; Ísland

18,6%; Noregur 16,1%; Svíþjóð 16,6%). Tengsl voru milli mikillar tölvuleikjanotkunar, þess að stunda spilakassa, veðmál og netfjárhættuspil og þess að þróa með sér spilavanda. Bent var á að ef draga ætti úr fjárhættuspílu þá væri mikilvægt að setja reglur um fjárhættuspil og framkvæmd þeirra en jafnframt að samþætta fyrirbyggjandi regluverk og forvarnir tengdar félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum þáttum.

Fjárhættuspil á Íslandi

Árið 2015 var fjárhættuspílahegðun ungmenna á Íslandi mæld í rannsókn ESPAD (2016) og sýndu niðurstöður að hún var að meðaltali 18,6% (ESPAD, 2016). Í niðurstöðum ESPAD (2025a) frá 2024 var heildartíðni fjárhættuspílahegðunar ungmenna á Íslandi aftur á móti orðin 41% (34% „á stað“ og 31% „á neti“). Tvennt vakti sérstaka athygli í niðurstöðunum frá 2024. Annars vegar að netspilun var mest á Íslandi í samanburði við önnur þátttökulönd og hins vegar að þátttaka kynjanna var nánast sú sama; 42% drengir og 41% stúlkur síðustu 12 mánuði. Hvergi annars staðar var svo lítill kynjamunur.

Í mælingum ESPAD (2025a) frá 2024 var að auki ákveðið að beina sjónum að algengi mismunandi tegunda fjárhættuspíla og fram kom að helmingur íslenskra ungmenna stundaði veðmál, 34% spilakassa, 50,5% spil og teningaleiki og 51,5% happdrætti og lotterí. Þessi aukning veðmála á Íslandi kallaði á að betur væri greint hvers eðlis hún er enda væri það forsenda þess að geta brugðist við með réttum hætti og dregið úr slíkri áhættuhegðun meðal ungmenna.

Hér á landi hefur fastanefnd dómsmálaráðuneytisins frá árinu 2007 látið gera reglulegar faraldsfræðilegar rannsóknir á þátttöku í peningaspilum og spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga. Í nýjustu rannsókn Daníels Þórs Ólasonar (2024) fyrir ráðuneytið kom fram að yngsti aldurshópurinn (18–25 ára) hefði jákvæðara viðhorf til peningaspíla en sá eldri. Þegar skoðuð var þróun fjárhættuspílu frá árinu 2007 til 2023, hafði mest aukning orðið í innlendri netspílu (35% árið 2023) og lottói annars vegar og spílu á erlendum vefsíðum hins vegar (6,6% árið 2023), einkum við að veðja á úrslit íþróttaleikja, í spilakassaleikjum á netinu og peningaspílu í rafrænum spilavítum, rúllettu og 21 (e. blackjack). Almennt hafði dregið úr kynjamun í fjárhættuspílu en konur notuðu meira innlendar fjárhættuspílasíður. Karlar voru þó enn í meirihluta hvað varðar peningaspil eins og póker og veðmál í íþróttum. Þegar horft var til aldursdreifingar þátttökunnar kom fram að aldurshópurinn 18–25 ára var langstærsti hópurinn í veðmálum um úrslit íþróttakappleikja á erlendum síðum (14%), peningaspílu á netinu (12,6%) og veðmálum um atburði á erlendum síðum (12,9%).

Bent hefur verið á þörf fyrir skýrara regluverk um fjárhættuspil hér á landi en víða erlendis hafa verið sett lög og reglugerðir til að stemma stigu við skaða af völdum fjárhættuspílu (Wilson o.fl., 2024). Á Íslandi eru í gildi lög um happdrætti nr. 38/2005, en þau vísa til þess að spila um peninga eða peningaígildi og ná til hefðbundins flokkahappdrættis, getrauna, talnagetrauna, spíla- og söfnunarkassa, netspíla eða annars konar peningaspíla. Til þess að reka happdrætti þurfa félög, samtök eða stofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu leyfi til að reka happdrætti og einungis má veita það í þeim tilgangi að afla fjár til almannaheilla, svo sem til þjóðfélags-, líknar-, menningar-, íþrótt- eða góðgerðarmála og til alþjóðlegs mannúðarstarfs. Slík leyfi hafa til dæmis Íslenskar getraunir, Íslensk getsþá og Íslandsspil. Þátttaka í spilakössum og veðmálum á erlendum netsíðum fellur þó utan lögsögu Íslands og því er erfiðara að hafa eftirlit með þeim síðum og auglýsingum erlendra aðila sem oft á tíðum er beint að ungu fólki (Bjarki Sigurðsson, 2024).

Þörf er á frekari rannsóknum um spílahegðun ungmenna yngri en 18 ára, bæði alþjóðlega (Calado o.fl., 2017) og hér á landi (Daníel Þór Ólason, 2024). Í ljósi þróunar á spilamennsku hérlendis er mikilvægt að kanna betur stöðuna hjá þeim hópi. Þetta er talið enn mikilvægara í ljósi þess að auglýsingar á fjárhættuspílu hafa á undanförunum áratug aukist verulega (Di Censo o.fl., 2024; Rossi og Nairn, 2022). Í rannsókninni verður leitað svara við tveimur rannsóknarspurningum:

Hvert er algengi „fátíðari“ og „tíðari“ fjárhættuspílahegðunar árin 2015 og 2024, hjá drengjum og stúlkum og ýmist á „stað“, „neti“ og „bæði á neti og stað“?

Hvert er algengi „fátíðari“ og „tíðari“ fjárhættuspílahegðunar sem er „minna áhættusöm“ eða „meira áhættusöm“ árin 2015 og 2024, hjá drengjum og stúlkum og á „stað“ og „neti“?

Aðferð

Rannsóknin byggir á gögnum úr Evrópsku vímuefnarannsókninni (e. European Survey Project on Alcohol and other Drugs, ESPAD) sem lögð hefur verið fyrir hér á landi frá árinu 1995 og síðan á fjögurra ára fresti nema milli fyrirliagna 2019 og 2024 en þá seinkaði fyrirliögn um eitt ár vegna COVID-19 faraldursins. Í þessari rannsókn voru notuð gögn úr fyrirliögnum ESPAD árin 2015 og 2024, þar sem spurt var sérstaklega um fjárhættuspílu með sömu spurningum. Þau atriði voru ekki hluti af fyrirliögninni 2019 og er því samanburðurinn hér á niðurstöðum 2015 og 2024.

Þátttakendur

Árið 2015 voru skólar slembivaldir (klasaúrtak) og ESPAD-könnunin lögð fyrir nemendur í 10. bekk í þeim skólum sem samþykktu að taka þátt (Ársæll Arnarsson o.fl., 2018). Árið 2024 var ESPAD-könnunin lögð fyrir helming allra grunnskólanemenda í 10. bekk en hinn helmingur árgangsins svaraði Íslensku æskulýðsrannsókninni (ÍÆ). Slembival réði í hvorum hópnum nemendur lentu (einfalt slembiúrtak) (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2024).

Árið 2024 var ESPAD-spurningalistinn lagður fyrir helming allra barna í 10. bekk en hinn helmingur árgangsins svaraði Íslensku æskulýðsrannsókninni (ÍÆ). Helmingarnir fyrir hvora rannsókn voru valdir með einföldu slembiúrtaki. Úrtök 2015 og 2024 voru valin með ólíkum aðferðum, en þrátt fyrir það er samanburður milli áranna réttmætur þar sem sami aldurshópur (10. bekkur grunnskóla) er í báðum úrtökum og notaður er sami spurningalisti. Mismunandi úrtaksrammi 2015 (klasaúrtak innan skóla) er tekinn með í reikninginn með beitingu tölfræðiaðferða sem leiðréttu fyrir klösun innan skóla.

Í Töflu 1 má sjá skiptingu þátttakenda eftir kyni og fyrirliagnarári. Þegar þátttakendur voru spurðir um kyn árið 2024 voru svarmöguleikar „Drengur“, „Stúlka“, „Stálp“ og „Annað/vil ekki svara“. Árið 2015 voru svarmöguleikar hins vegar einungis „Drengur“ og „Stúlka“. Þar sem niðurstöður eru greindar eftir kyni og ári voru aðeins nýtt svör frá svarendum sem skilgreindu sig sem drengur eða stúlka.

Tafla 1

Fjöldi og blutfall þátttakenda

Kyn (%)	2015	%	2024	%
Drengir	1312	49,3%	907	52,1%
Stúlkur	1351	50,7%	775	44,5%
Stálp	—	—	19	1,1%
Annað/vil ekki svara	—	—	41	2,3%
Samtals	2663	100%	1742	100%

Mælingar

Spílahegðun ungmenna var metin með fjórum atriðum sem náðu til ólíkra tegunda fjárhættuspíla: (1) spílakassa, (2) spíla með spílum, (3) happdrættis (þ.m.t. bingó og skafmiða) og (4) íþróttaveðmála. Fyrir hvert þessara atriða var spurt hvort spílað hefði verið á „stað“ eða „neti“. Svarmöguleikar voru á

tíðnikvarðanum: „Ég hef ekki spilað slíka leiki“, „Mánaðarlega eða sjaldnar“, „2–4 sinnum eða oftar í mánuði“ og „2–4 sinnum eða oftar í viku“.

Fjárhættuspilun þátttakenda sem höfðu tekið þátt í einhvers konar spilun var flokkuð í tvo hópa: (1) „Fátíð“ fjárhættuspílahegðun, þegar spilað var mest mánaðarlega eða sjaldnar og (2) „Tíð“ fjárhættuspílahegðun, þegar spilað var að minnsta kosti ein tegund spilunar, tvisvar eða oftar í mánuði eða vikulega. Að auki voru tegundir fjárhættuspilunar flokkaðar í „minna áhættusama“ (happdrætti og spil) og „meira áhættusama“ (spilakassar og íþróttaveðmál). Við flokkun fjárhættuspilunar í minna og meira áhættusama var stuðst við rannsókn Lombardi og féлага (2024) sem notuðu í rannsókn sinni fjárhættuspílamælingu ESPAD. Niðurstöður þeirra sýndu að ungmenni sem stunda veðmál og spilakassa eru í mestri hættu á að þróa með sér áhættusama spílahegðun. Fjárhættuspilun eins og veðmál og að stunda spilakassa flokkast því í rannsókn þessari sem „meira áhættusöm“ fjárhættuspilun en happdrætti og að spila á spil sem „minna áhættusöm“ fjárhættuspilun.

Framkvæmd

ESPAD-spurningakönnunin var árið 2015 lögð fyrir í kennslustofu þátttakenda í úrtaksskólum sem samþykkt höfðu þátttöku. Árið 2024 var spurningakönnunin lögð fyrir helming nemenda í 10. bekk grunnskóla á landinu en sá helmingur var valinn af handahófi til þess að svara ESPAD en hinn helmingur nemenda í 10. bekk svaraði Íslensku æskulýðsrannsókninni (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2024).

Úrvinnsla

Til að bera saman tíðni spílahegðunar eftir kyni og tíma þurfti að nota aðferð við aðhvarfsgreiningu sem tekur til greina að úrtakið árið 2015 var klasaúrtak en úrtakið 2024 einfalt slembiúrtak. Notaðar voru útvíkkaðar matsjöfnur (e. generalized estimating equations, GEE) sem gera mögulegt að taka innanklasafylgni til greina við mat á staðalvillum. Útvíkkaðar matsjöfnur hafa einfaldari og almennari forsendur en slembiþáttalíkon (e. linear mixed models, hierarchical linear models) sem oft eru notuð fyrir gögn úr skólarannsóknnum og þegar markmið rannsókna kalla ekki á líkan með slembiþáttum fyrir klasaáhrif.

Logit-tengifall var notað og fylgnifylki tilgreind sem útskiptanleg (þ.e. gert ráð fyrir sömu fylgni á milli allra staka í sama klasa). Fyrir gögnin frá 2015 var jöfnunum stillt þannig upp að hver svarandi í sama skóla væri í sama klasa en 2024 var hver svarandi í sérstökum klasa enda voru úrtakalíkindi allra mögulegra para af svarendum þau sömu 2024 (nemendur í sama skóla voru ekki líklegri til að dragast saman í úrtak en nemendur í tveimur ólíkum skólum). Frumbreyttur voru kyn, ár og samvirkni kyns og árs. Ár var tilgreint sem flokkabreyta. Jaðarlogragagnlíkindi (e. marginal log odds) með öryggisbilum á hverri tegund spílahegðunar voru reiknuð fyrir drengi og stúlkur á hvoru ári fyrir sig. Logragagnlíkindi voru síðan umreiknuð í hlutföll og sett þannig fram í niðurstöðum.

Til að kanna hvort munur milli hópa væri marktækur var gerður paraður samanburður á jaðarhlutföllunum, þar sem kyn og ár voru borin saman á log-odds skala. Tukey-leiðrétting var notuð til að draga úr villutíðni. P-gildin sem birtast í niðurstöðunum eru fengin úr þessum samanburði.

Greiningar voru gerðar í R (útg. 4.4.4). Mat með útvíkkuðum matsjöfnum var gert með pakkanum *Gee* (útg. 4.13-29) og jaðarlogragagnlíkindi reiknuð með pakkanum *emmeans* (útg. 1.11.1).

Síðferðisleg álitamál

Í rannsókninni var hugað að persónuvernd, árið 2015 í samræmi við þágildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og árið 2024 í samræmi við þágildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Ekki var spurt um nöfn nemenda eða


aðrar persónuupplýsingar og fengu rannsakendur einungis upplýsingar um skólann sem nemendur stunduðu nám við. Í þeim tilvikum þar sem skólar voru fámennir voru gerðar sérstakar ráðstafanir við úrvinnslu rannsóknargagna til að tryggja trúnað einstakra þátttakenda. Áður en fyrirlögn hófst fengu nemendur kynningu á tilgangi rannsóknarinnar, að hún væri nafnlaus og að frjálst væri að hafna þátttöku, sleppa einstökum spurningum og hætta þátttöku hvenær sem væri meðan á henni stæði. Árið 2024 var jafnframt upplýst um hvert væri hægt að leita ef þátttakendum líði illa eftir að svara ákveðnum spurningum í könnuninni.

Niðurstöður

Sköðuð var þróun fjárhættuspilunar ungmenna síðastliðna 12 mánuði með því að bera saman úrvinnslu niðurstaðna ESPAD frá 2015 og 2024. Fyrst var skoðað hlutfall „fátíðrar“ (spila mest mánaðarlega eða sjaldnar) fjárhættuspilahegðunar ungmenna fyrir árin 2015 og 2024, „á stað“, „neti“ og „bæði á stað og neti“. Sjá má niðurstöður á *Mynd 1*.

Mynd 1

Hlutfall „fátíðrar“ fjárhættuspilahegðunar á „stað“, „neti“ og „bæði á stað og neti“




Á myndinni má sjá að algengi „fátíðrar“ fjárhættuspilahegðunar hefur aukist verulega milli árunna 2015 og 2024 hjá báðum kynjum, óháð vettvangi spilunar. „Fátíð“ fjárhættuspilahegðun „á stað“ fór hjá drengjum úr 13,4% árið 2015 í 24% árið 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 11,2% í 27,9% ($p < 0,001$). Svipað mynstur sást þegar horft var til spilunar „á netinu“ en hlutfall drengja fór úr um 10% árið 2015 í rúm 21% árið 2024 ($p < 0,001$), á meðan samsvarandi aukning hjá stúlkum var enn meira áberandi á sama tímabili og fór úr 6,2% í 24,7% ($p < 0,001$). Þegar spilunin var „bæði á stað og neti“ mátti sjá sams konar þróun, en hjá drengjum fór hún úr 15,4% árið 2015 í 27,4% á árinu 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 13,1% í 34% ($p < 0,001$).

Kynjamunur var til staðar í „fátíðri“ fjárhættuspílahegðun á netinu árið 2015 en hvarf árið 2024. Árið 2015 var enginn munur á kynjunum þegar fjárhættuspílan var „á stað“ eða „á neti“ en árið 2024 var munurinn marktækur og er hlutfallið hærra hjá stúlkum.

Næst var skoðað hlutfall „tíðrar“ fjárhættuspílahegðunar ungmenna fyrir árin 2015 og 2024, „á stað“, „neti“ og „bæði á stað og neti“. Sjá má niðurstöður á *Mynd 2*.

Mynd 2

Hlutfall „tíðrar“ fjárhættuspílahegðunar „á stað“, „neti“ og „bæði á stað og neti“




Á *Mynd 2* má sjá að algengi „tíðrar“ fjárhættuspílahegðunar hafði aukist á tímabilinu óháð vettvangi. „Tíð“ fjárhættuspílahegðun „á stað“ fór hjá drengjum úr 5,8% árið 2015 í 10,8% á árinu 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 1,3% í 4,1% ($p < 0,001$). „Tíð“ fjárhættuspílahegðun „á neti“ fór hjá drengjum úr 5,8% árið 2015 í 10,8% árið 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 1,2% árið 2015 í 5,3% á árinu 2024 ($p < 0,001$). „Tíð“ fjárhættuspílahegðun „bæði á stað og neti“ fór hjá drengjum úr 7,3% árið 2015 í 14% á árinu 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 1,6% í 6,9% ($p < 0,001$). Kynjamunur í tíðri fjárhættuspílahegðun, hvort sem hún var „á stað“, „á neti“ eða „á stað og neti“ var alls staðar marktækur bæði árin 2015 og 2024.

Næsta skref í greiningu gagnanna var að skoða þróun á algengi bæði „fátíðrar“ og „tíðrar“ fjárhættuspílahegðunar milli árána 2015 og 2024 eftir því hvort hún væri „minna áhættusöm“ eða „meira áhættusöm“, ýmist á „stað“ eða „neti“.

Niðurstöður fyrir „fátíða“ fjárhættuspílahegðun má sjá á *Mynd 3*.

Mynd 3

Hlutfall „fátíðrar fjárhættuspílahæðunar“ skipt eftir „minna áhættusamri“ og „meira áhættusamri“ fjárhættuspílahæðun á „stað“ og „neti“




Eins og Mynd 3 sýnir fór „fátíð“ fjárhættuspílahæðun sem var „minna áhættusöm“ og „á stað“ úr 11% hjá drengjum árið 2015 í 23,5% árið 2024 ($p < 0,001$) og 10,9% hjá stúlkum árið 2015 í 27,5% árið 2024 ($p < 0,001$). „Fátíð“ fjárhættuspílahæðun sem var „minna áhættusöm“ og „á neti“ fór hjá drengjum úr 7,6% árið 2015 í 20% árið 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 6,2% árið 2015 í 22,4% árið 2024 ($p < 0,001$).

Á Mynd 3 má einnig sjá að „fátíð“ fjárhættuspílahæðun sem var „meira áhættusöm“ og „á stað“ fór hjá drengjum úr 7,1% árið 2015 í 9,7% árið 2024 ($p = 0,155$) og hjá stúlkum úr 2,1% árið 2015 í 5,8% árið 2024 ($p < 0,001$). „Fátíð“ fjárhættuspílahæðun sem var „meira áhættusöm“ og „á neti“ fór hjá drengjum úr 6,3% árið 2015 í 9,3% á árinu 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 1,5% í 7,7% ($p < 0,001$). Skýr marktækur munur var 2015 á „meira áhættusamri“ fjárhættuspílahæðun kynjanna, hvort sem hegðunin fór fram „á stað“ eða „á neti“. Þessi munur hélt sér 2024 fyrir hegðun „á stað“ og var enn marktækur þó dregið hefði verulega úr honum. Fyrir hegðun „á neti“ reyndist aftur á móti ekki lengur marktækur munur á kynjunum árið 2024.

Sams konar greining var því næst gerð fyrir „tíða“ fjárhættuspílahæðun og sjá má niðurstöður á Mynd 4.

Mynd 4

Hlutfall „tíðrar fjárhættuspílahegðunar“ skipt eftir „minna áhættusamri“ og „meira áhættusamri“ fjárhættuspílahegðun á „stað“ og „neti“



Eins og sjá má á *Mynd 4* sýndu niðurstöður að „tíð fjárhættuspílahegðun“ sem var „minna áhættusöm“ og „á stað“ fór úr 2,9% hjá drengjum árið 2015 í 8,4% árið 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 1% árið 2015 í 3,2% árið 2024 ($p = 0,005$). „Tíð fjárhættuspílahegðun“ sem var „minna áhættusöm“ og „á neti“ fór hjá drengjum úr 3% árið 2015 í 6,5% árið 2024 ($p < 0,001$) og hjá stúlkum úr 0,8% árið 2015 í 4% árið 2024 ($p < 0,001$). Fyrir minna áhættusama fjárhættuspílahegðun „á stað“ var marktækur kynjamunur árið 2015 og var hann enn marktækur árið 2024 þó strákarnir virtust hafa gefið fremur í þar samanborið við stúlkur. Aðra sögu var að segja um „minna áhættusama“ fjárhættuspílahegðun „á neti“, en þar var skýr marktækur munur á kynjunum árið 2015 en þessi munur dróst saman árið 2024 og reyndist ekki marktækur. Hærra hlutfall mældist hjá drengjum bæði árin 2015 og 2024 og var munurinn marktækur.

„Tíð fjárhættuspílahegðun“ sem var „meira áhættusöm“ og „á stað“ fór hjá drengjum úr 3,3% árið 2015 í 6,9% árið 2024 ($p = 0,002$) og hjá stúlkum úr 0,8% árið 2015 í 2,8% á árinu 2024 ($p = 0,004$). „Tíð“ fjárhættuspílahegðun sem var „meira áhættusöm“ og „á neti“ fór hjá drengjum úr 4,4% árið 2015 í 7,1% á árinu 2024 ($p = 0,054$) og hjá stúlkum úr 0,8% árið 2015 í 2,4% árið 2024 ($p = 0,029$). Fyrir „meira áhættusama“ fjárhættuspílahegðun hvort sem var „á stað“ eða „á neti“ hélst kynjamunur að mestu óbreyttur milli 2015 og 2024 en hærra hlutfall mældist hjá drengjum bæði árin 2015 og 2024 og var munurinn marktækur.

Umræða

Hér á landi hefur orðið aukning í fjárhættuspilahegðun bæði fullorðinna (Daníel Þór Ólason, 2024) og hjá ungu fólki eins og fram kemur í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Er það í samræmi við þróun fjárhættuspilunar víða í heiminum og á það sérstaklega við um netspilun (Tran o.fl., 2024). Það sem vekur þó sérstakar áhyggjur er að samkvæmt niðurstöðum ESPAD árið 2024 var fjárhættuspilun ungmenna á Íslandi sú næsthæsta í þátttökulöndum rannsóknarinnar (ESPAD, 2025a). Til þess að rýna betur í þessar niðurstöður var í fyrri rannsóknarspurningunni leitað svara við hvert væri algengi „fátíðrar“ (mánaðarlega eða sjaldnar) og „tíðrar“ (að minnsta kosti eina tegund vikulega eða oftar en tvisvar í mánuði) fjárhættuspilahegðunar árin 2015 og 2024, hjá drengjum og stúlkum og á „stað“, „neti“ eða „bæði á stað og neti“. Niðurstöður sýndu að hlutfall ungmenna sem stunduðu fjárhættuspil sjaldnar („fátíð“) hafði aukist verulega milli mælinga 2015 og 2024. Aukningin var bæði hjá drengjum og stúlkum en töluvert meiri hjá stúlkunum, þannig að þátttaka þeirra í „fátíðri spilun“ er nú meiri en hjá drengjunum. Þátttaka stúlkanna jókst sér í lagi verulega í netspilun. Í niðurstöðum kom einnig skýrt fram að „tíð“ fjárhættuspilahegðun hefði aukist hjá báðum kynjum og þrátt fyrir að drengir séu enn í meirihluta þeirra sem spila oft þá hefur tíð fjárhættuspilaþátttaka stúlkna vaxið mikið á „stað“, „neti“, og „bæði á stað og neti“ en þó einna mest á neti. Kynjamunurinn hélst svipaður milli árána 2015 og 2024 eða jókst jafnvel lítillega. Tíð stað- og netspilun hjá drengjum var um helmingi meiri en hjá stúlkum og netspilun stúlkanna var heldur meiri en staðspilun. Af þessu má sjá að þrátt fyrir að mikil aukning hafi orðið í fjárhættuspilun ungmenna á Íslandi og vissulega hafi hún aukist verulega hjá stúlkum, þá er aukningin hjá þeim mun meiri í „fátíðri spilun“ en þeirri „tíðari“ og áberandi mest í netspilun. Aukning netspilunar er í samræmi við þróun algengis í mörgum þátttökulöndum ESPAD (2025b) en jafnframt víða um heim (Di Censo o.fl., 2024; Rossi og Nairn, 2022).

Í síðari rannsóknarspurningu rannsóknarinnar var leitað svara við hvert væri algengi „fátíðrar“ og „tíðrar“ fjárhættuspilahegðunar sem væri annars vegar „minna áhættusöm“ (spil og happdrætti) og hins vegar „meira áhættusöm“ (veðmál og spilakassar) árin 2015 og 2024, hjá drengjum og stúlkum og á „stað“ og „neti“. Niðurstöður fyrir algengi „fátíðrar“ og „minna áhættusamrar“ fjárhættuspilahegðunar sýndu að hún jókst verulega hjá báðum kynjum, bæði „á stað“ og „á neti“. Spilun stúlkanna jókst meira en hjá drengjunum en munurinn á kynjunum var ekki lengur marktækur. Kynjamunurinn fyrir „minna áhættusama“ fjárhættuspilahegðun sem á sér stað „á neti“ var til staðar 2015 en hvarf árið 2024. Þetta gefur vísbendingar um að stúlkur séu að sækja í sig veðrið, sérstaklega í fjárhættuspilun á netinu og í „minna áhættusamri“ spilun. Þegar „fátíð“ en „meira áhættusöm“ fjárhættuspilahegðun var skoðuð mátti sjá að hún jókst einungis lítillega hjá drengjum en nokkuð hjá stúlkum, sér í lagi á neti. Verulega dró úr kynjamunurinn fyrir „fátíða“ og „meira áhættusama“ fjárhættuspilahegðun milli mælinganna 2015 og 2024, þótt munurinn væri enn nokkur. Þegar skoðuð var „tíð“ fjárhættuspilahegðun og „minna áhættusöm“ mátti sjá að bæði „á stað“ og „á neti“ jókst hún verulega hjá drengjum og stúlkum og aukningin var enn meiri hjá stúlkunum. Þegar fjárhættuspilunin var „meira áhættusöm“ kom í ljós að svipað mynstur var til staðar. Heildarspilun drengjanna var þó áfram meiri og munur á þátttöku kynjanna var meiri þegar fjárhættuspilunin var „meira áhættusöm“.

Þegar horft er á niðurstöður rannsóknarinnar í heild má sjá að fjárhættuspilun ungmenna hefur aukist marktækt hér á landi milli mælinga 2015 og 2024 án tillits til hvernig spilahegðunin er mæld og óháð því hvar spilunin fer fram, þó netspilun hafi aukist mest. Niðurstöðurnar eru því bryning um mikilvægi þess að bregðast við með einhverjum hætti enda hafa rannsóknir sýnt að netspilun hefur hvað sterkustu tengslin við áhættusama fjárhættuspilahegðun (King o.fl., 2020; Lombardi o.fl., 2024). Þó er gott að sjá að „fátíð“ fjárhættuspilahegðun hefur aukist meira en „tíð fjárhættuspilun“ og „minna áhættusöm“ fjárhættuspilahegðun (happdrætti, spil) meira en „meira áhættusöm“ (spilakassar, veðmál). Sjá má að drengir stunda fjárhættuspil almennt í mun meiri mæli en stúlkur og átti það við bæði árin 2015 og 2024, en þó má sjá áberandi merki þess að fjárhættuspilahegðun stúlkna fari vaxandi. Sambærilegar niðurstöður hafa komið fram í erlendum rannsóknum (Dowling o.fl., 2017; Nordmyr og Forsman, 2020).

Mikilvægar vísbendingar komu því fram í niðurstöðum um að nokkuð stór hópur ungmenna sæki í að prófa fjárhættuspil eða stunda þau í litlu magni, fremur en mjög oft. Þó mátti sjá að meðal ungmennanna var afmarkaður hópur sem spilar fjárhættuspil oft og stundar „meira áhættusamar“ tegundir hennar og að í þeim hópi séu fleiri drengir. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsóknar Daníels Þórs Ólasonar (2024) sem kannaði fjárhættuspílahegðun hjá fullorðnum. Þar kom fram að algengi fjárhættuspílnar hefði aukist verulega hér á landi hjá einstaklingum 18 ára og eldri og að aldurshópurinn 18–25 ára væri langstærsti hópurinn í veðmálum um úrslit íþróttakappleikja á erlendum síðum (14%), peningaspilum á netinu (12,6%) og veðmálum um atburði á erlendum síðum (12,9%). Niðurstöður í þessari rannsókn sýna að sú þróun, sem kom fram hjá fullorðnum í rannsókn Daníels, nær nú einnig til yngri aldurshópa og þrátt fyrir að aukning í fjárhættuspílnun ungmennanna sé meiri hjá þeim sem spila sjaldnar („fátíð“) og „minna áhættusamar“ tegundir, þá má ekki líta fram hjá því að töluverð aukning hefur einnig orðið í „meira áhættusamri“ fjárhættuspílnun hjá báðum kynjum.

Samkvæmt vistkerfalíkani Bronfenbrenner (1979) mótast þroski og velferð barna og ungmenna af samspili einstaklinga við ólík en samvinnuð kerfi í umhverfi þeirra og má í því sambandi nefna fjölskyldu, vini og samfélagsleg viðmið. Ætla má að vegna verulegrar aukningar í netfjárhættuspílnun á Íslandi síðastliðin 15 ár, meðal annars veðmála á úrslit íþróttakappleikja (Daníel Þór Ólason, 2024), hafi fjárhættuspílnun í vaxandi mæli orðið ungmennum sýnilegri og viðhorf þeirra til þeirra mögulega orðið jákvæðari fyrir vikið. Á sama tíma hefur orðið aukning á auglýsingum á fjárhættuspílnun sem beint er að ungu fólki og eru til þess fallnar að auka þátttöku þeirra (Di Censo o.fl., 2024). Sér í lagi má sjá þetta á netinu þar sem auglýst er framboð netleikja og fjárhættuspíla en netfjárhættuspílnun hefur samkvæmt rannsóknum verið talin sérstaklega varhugaverð ungu fólki, vegna hættu á að þróa með sér fjárhættuspílaþífn (Montiel o.fl., 2021). Þetta skýrist meðal annars af því að á þessu þroskaskiði þróast umbunar- og tilfinningakerfi heilans hraðar en sjálfstjórnarkerfið og því eru ungmenni á þessum aldri sérlega móttækileg fyrir að prófa sig áfram með áhættuhegðun, án þess að gera sér að fullu grein fyrir mögulegum afleiðingum slíkrar hegðunar fyrir eigin velferð (Steinberg, 2008).

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa tilefni til að ætla að hér á landi sé enn mögulegt að grípa inn í stöðuna, nú þegar vart hefur orðið aukningar. Í stað þess að láta það óátalið þurfa íslensk stjórnvöld að skýra regluverk um fjárhættuspil og veðmálasíður og sömuleiðis um auglýsingar og aðra markaðssetningu á fjárhættuspílnun sem rannsóknir hafa sýnt að auki líkur á fjárhættuspílaástandun (Di Censo o.fl., 2024). Á sama hátt þarf að tryggja að ungmenni hafi ekki aðgengi að fjárhættuspílnun (King o.fl., 2020).

Aðkallandi er að samhliða slíkum aðgerðum séu innleiddar ýmiss konar forvarnir (Spångberg og Svensson, 2020) og fræðsla um fjárhættuspílnun (Dowling o.fl., 2017; Rossi og Nairn, 2022). Gæta þarf þess að mæta mismunandi áhættuhópum í fræðslu og forvarnastarfi (Dussault o.fl., 2020). Taka þarf mið af þeim skýra kynjamun sem fram kemur í niðurstöðum og vinna sérstaklega með að auka forvarnafræðslu og samtal við drengi sem stunda fjárhættuspil í mun meiri mæli og tíðar en stúlkur og jafnframt „meira áhættusamar“ tegundir eins og sjá mátti bæði í niðurstöðum þessarar rannsóknar og erlendra rannsókna (t.d. Tran o.fl., 2024). Fræðslu og forvarnastarfi þarf þó einnig að beina til stúlkna en fjárhættuspílaþátttaka þeirra, meðal annars á netinu, hefur aukist verulega undanfarnir 10 ár þrátt fyrir að vera ekki jafn mikil og hjá drengjum.

Í fræðslu og forvarnastarfi vegna fjárhættuspílnunar er einnig mikilvægt að taka mið af rannsóknum um áhættuþætti og verndandi þætti hjá einstaklingunum sjálfum og í umhverfi þeirra (Bronfenbrenner, 1979). Þannig er mikilvægt að vera vakandi fyrir að bregðast við vanda í skólagöngu, félagsfærni, geðheilsu og notkun nikótíns, áfengis og annarra vímuefna en þessir þættir, auk þess að vera af erlendum uppruna, hafa verið tengdir við auknar líkur á að stunda fjárhættuspil (Raitasalo o.fl., 2024). Að sama skapi þarf að efla verndandi þætti sem draga úr líkum á fjárhættuspílnun, eins og því að draga úr einmanaleika, styrkja félagsþæfni og félagslegt stuðningsnet ungmenna og grípa inn í ef vinir ungmenna stunda fjárhættuspil (Nordmyr og Forsman, 2020).

Loks er aðkallandi að foreldrar og forsjáraðilar séu meðvitaðir um þá ógn sem fjárhættuspilaþátttaka er gagnvart ungu fólki og hversu mikilvægu hlutverki þeir gegna við að leiðbeina börnum sínum og vera fyrirmyndir, en samþykki foreldra og fjárhættuspilun þeirra sjálfra getur aukið líkur á áhættusamri fjárhættuspilahegðun ungmenna (Zhai o.fl., 2021). Foreldrar og aðrir uppeldisaðilar í nærumhverfi ungmennanna þurfa jafnframt að auka eftirlit og stuðning við ungmenni sín (Spångberg og Svensson, 2020). Mikilvægt er að þeir séu meðvitaðir um hvað þau gera á netinu en hætta er á að netspilun geti verið falin gagnvart umhverfinu. Þetta er sér í lagi mikilvægt í ljósi þess að fjárhættuspilun á neti hefur hvað sterkustu tengslin við áhættusama fjárhættuspilun (King o.fl., 2020; Lombardi o.fl., 2024).

Styrkleikar og takmarkanir rannsóknar

Styrkleikar rannsóknarinnar snúa að því að hún er framlag til að auka þekkingu á algengi fjárhættuspilunar meðal ungmenna en bent hefur verið á að þekkingu skorti á þessu sviði, bæði hér á landi (Daníel Þór Ólason, 2024; Dómsmálaráðuneytið, 2022) og erlendis (Calado o.fl., 2017; Tran o.fl., 2024).

Takmarkanir rannsóknarinnar snúa helst að því að könnunin er sjálfsmatskönnun þar sem ungmenni svara sjálf spurningum um fjárhættuspilahegðun sína. Spurningarnar innihalda forlið þar sem fram kemur að spurt verði um þátttöku sem felur í sér að hafa gert eitthvað fyrir peninga. Slíkir forliðir geta verið misvel lesnir og því er mögulegt að einhverjir þátttakendur svari að þeir „spila á spil“ ákveðið oft en átti sig mögulega ekki á að spurt sé um að spila á spil þar sem lagðir eru undir peningar. Jafnframt er þarft að gera rannsóknir þar sem spurningar um fjárhættuspil eru þróaðar frekar, meðal annars með einföldum eftirfylgdarspurningum sem gefa frekari upplýsingar um ákveðna flokka fjárhættuspilahegðunar. Þetta á sér í lagi við um eldri ungmenni þar sem þátttaka í netspilun, svo sem í póker, er algengari (Daníel Þór Ólason, 2024).

Lokaorð

Áhyggjuefni er að samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar hefur algengi fjárhættuspilunar hjá ungmennum aukist verulega frá 2015 til 2024, hvort sem hún er „fátíð“ eða „tíð“, „á stað“, „á neti“ eða „bæði á stað og neti“ eða flokkast sem „minna áhættusöm“ eða „meira áhættusöm“. Þó er jákvætt að algengi „tíðrar“ og „meira áhættusamrar“ fjárhættuspilahegðunar er lægra en „fátíðrar“ og „minna áhættusamrar“ og að sú verulega aukning fjárhættuspilunar ungmenna, sem sjá mátti í niðurstöðum ESPAD hér á landi árið 2024, felist að miklu leyti í aukningu á fjárhættuspilun hjá ungmennum sem spila sjaldnar og „minna áhættusamar“ tegundir fjárhættuspila. Rétt er þó að hafa varann á enda sýndu niðurstöður að einnig hefur orðið veruleg aukning í „meira áhættusamri“ fjárhættuspilun og þó spilun stúlkna sé enn mun minni en drengja, þá má einnig sjá verulega aukningu spilunar hjá þeim. Dómsmálaráðuneytið (2022) skipaði starfshóp árið 2021 til að koma fram með tillögur að réttarbótum á sviði happdrættismála hér á landi. Í niðurstöðum hópsins kom fram að þörf væri á lagabreytingum en ekki náðist sátt um ákveðnar tillögur og ólík sjónarmið voru uppi um hvernig regluverk á happdrættismarkaði skyldi vera. Í skýrslu formanns var lagt til að opna netspilun en setja reglur um starfsemina. Í séráliti fulltrúa úr starfshópnum var á hinn bóginn lagt til að hindrað yrði aðgengi að vefsíðum með ólöglega netleiki, framfylgt yrði banni í íslenskum lögum við ólöglegri netspilun og skerpt yrði á viðurlögum og auglýsingabanni, sér í lagi þegar um væri að ræða spilakassa og veðmálastarfsemi. Þar er þó lagt til að sérleyfishöfum á happdrættismarkaði verði með breytingum á lögum gert kleift að sameinast um rekstur félaga til að bjóða upp á netleiki. Af þessu má sjá að ekki eru allir á eitt sáttir um hvert skuli stefna í þessum málaflokki en afar brýnt er að gerðar verði ráðstafanir sem tryggja betur hagsmuni og velferð barna og ungmenna varðandi fjárhættuspilun.

Gambling behaviour among adolescents in Iceland: Findings from the ESPAD survey 2024

In recent years, notable changes have occurred in gambling practices in Iceland. Betting on the results of sports games has become prominent – a form of gambling increasingly marketed to young people. This study draws on data from the European Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD), administered every four years to students in the 10th grade in compulsory school. The aim was to compare the prevalence of gambling behaviour in the 2015 and 2024 ESPAD surveys by (1) examining differences in frequency (infrequent: monthly or less; frequent: twice monthly or more), (2) gambling venue (on-site, online or both on-site and online) and (3) risk level (lower-risk: lotteries, traditional games; higher-risk: slot machines, betting). When the findings from the 2015 and 2024 ESPAD surveys were compared, they showed, firstly, that infrequent gambling increased significantly between 2015 and 2024 for both genders across all venues. Infrequent on-site gambling rose among boys from 13.4% to 24% ($p < 0.001$) and among girls from 11.2% to 27.9% ($p < 0.001$). Online gambling followed a similar pattern, increasing among boys from 10% to over 21% ($p < 0.001$) and among girls from 6.2% to 24.7% ($p < 0.001$). Gambling occurring both on-site and online also increased, from 15.4% to 27.4% among boys ($p < 0.001$) and from 13.1% to 34% among girls ($p < 0.001$). Secondly, frequent gambling (twice or more per month) also increased significantly across settings. Frequent gambling across both settings rose from 7.3% to 14% among boys ($p < 0.001$) and from 1.6% to 6.9% among girls ($p < 0.001$). Frequent on-site gambling rose among boys from 5.8% to 10.8% ($p < 0.001$) and among girls from 1.3% to 4.1% ($p < 0.001$). Frequent online gambling increased among boys from 5.8% to 10.8% ($p < 0.001$) and among girls from 1.2% to 5.3% ($p < 0.001$). Thirdly, infrequent lower-risk gambling increased markedly for both genders. On-site lower-risk gambling rose among boys from 11% to 23.5% and among girls from 10.9% to 27.5% (both $p < 0.001$). Online lower-risk gambling increased from 7.6% to 20% among boys and from 6.2% to 22.4% among girls (both $p < 0.001$). Infrequent higher-risk online gambling increased for both genders. Infrequent higher-risk on-site gambling increased for boys from 7.1% to 9.7% (not significant; $p = 0.155$), while the increase for girls – from 2.1% to 5.8% – was significant ($p < 0.001$). Fourth, more frequent lower-risk and higher-risk gambling also increased. Frequent lower-risk on-site gambling rose among boys from 2.9% in 2015 to 8.4% in 2024 ($p < 0.001$) and from 1% in 2015 to 3.2% in 2024 ($p = 0.005$) for girls. Frequent lower-risk online gambling among boys increased from 3% to 6.5% ($p < 0.001$) for boys and from 0.8% to 4% ($p < 0.001$) for girls. Frequent higher-risk gambling rose in both on-site and online settings for both genders. Frequent higher risk on-site gambling increased for boys from 3.3% to 6.9% ($p = 0.002$) and for girls from 0.8% to 2.8% ($p = 0.004$). Frequent higher risk online gambling increased for boys from 4.4% to 7.1% ($p = 0.054$) and for girls from 0.8% to 2.4% ($p = 0.029$). When the findings are considered as a whole, gambling participation increased substantially among adolescents in Iceland between 2015 and 2024, with the largest rise seen in infrequent lower-risk gambling, although higher-risk forms also increased. Boys consistently reported higher levels of risky gambling than girls. These patterns align with European and international research showing sharp increases in online gambling among adolescents. The results underscore the urgent need for clearer gambling regulations in Iceland – particularly regarding age limits and marketing practices – as well as strengthened prevention and education strategies aimed at reducing gambling among young people.

Key words: adolescent gambling, prevalence, types of gambling, gender, higher-risk and lower-risk gambling

Um höfunda

Ragný Þóra Guðjohnsen (ragny@hi.is) er dósent í uppeldis- og menntunarfræði á Menntavísindasviði (MVS) Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræðum (2016), MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði (2009) og embættisprófi í lögfræði (1992), allt frá Háskóla Íslands. Hún lauk einnig viðbótardiplómu í kennslufræði háskóla frá HÍ (2019). Rannsóknir hennar snúa einkum að áhættu hegðun og velferð barna og ungmenna, borgaravitund og borgaralegri þátttöku ungmenna og kennslufræði háskóla.

Unnar Geirdal Arason (unnargeirdal@hi.is) er aðferðafræðingur á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hann með BS-gráðu í sálfræði og MS-gráðu í meginlegri sálfræði frá Háskóla Íslands. Í störfum sínum hefur hann fyrst og fremst sinnt framkvæmd Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar auk kennslu við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

About the authors

Ragný Þóra Guðjohnsen (ragny@hi.is) is an Associate Professor in Education Studies at the School of Education, University of Iceland. She holds a PhD in Education (2016), an MA in Education Studies (2009), a Cand. Jur. Degree in law (1992) and a graduate diploma in Teaching Studies for Higher Education (2019), all from University of Iceland. Her research focuses on young people's well-being and risk behaviour, civic engagement and teaching development in higher education.

Unnar Geirdal Arason (unnargeirdal@hi.is) is a methodologist at the School of Education, University of Iceland. He holds a BS in psychology and an MS in quantitative psychology from University of Iceland. His work has primarily focused on the Icelandic Youth Study, in addition to teaching at University of Iceland and Reykjavík University.

Heimildir

- Armitage, R. (2021). Gambling among adolescents: An emerging public health problem. *The Lancet Public Health*, 6(3), e143. [https://doi.org/10.1016/S2468-2667\(21\)00026-8](https://doi.org/10.1016/S2468-2667(21)00026-8)
- Ársæll Arnarsson, Gísli Kort Kristófersson og Þóroddur Bjarnason. (2018). Adolescent alcohol and cannabis use in Iceland 1995–2015. *Drug and Alcohol Review*, 37(S1), S49–S57. <https://doi.org/10.1111/dar.12587>
- Bjarki Sigurðsson. (2024, 14. júlí). *Ungir menn sem veðja stjórnlaustr hafi varann á*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20242595789d/ungir-menn-sem-vedja-stjorn-laustr-hafi-varann-a>
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiments by nature and design*. Harvard University Press. <https://doi.org/10.4159/9780674028845>
- Buja, A., Sperotto, M., Genetti, B., Vian, P., Vittadello, F., Simeoni, E., Zampieri, C. og Baldo, V. (2022). Adolescent gambling behavior: A gender oriented prevention strategy is required? *Italian Journal of Pediatrics*, 48(1), 113. <https://doi.org/10.1186/s13052-022-01309-3>
- Calado, F., Alexandre, J. og Griffiths, M. D. (2017). Prevalence of adolescent problem gambling: A systematic review of recent research. *Journal of Gambling Studies*, 33(2), 397–424. <https://doi.org/10.1007/s10899-016-9627-5>
- Daníel Þór Ólason. (2024). *Spilahegðun og spilavandi fullorðinna Íslendinga á árinu 2023*. Dómsmálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%c3%bdrsla%20um%20spilaheg%c3%b0un%20og%20spilavanda.pdf>
- Di Censo, G., Delfabbro, P. og King, D. L. (2024). Examining the role of sports betting marketing in youth problem gambling. *Journal of Gambling Studies*, 40, 2005–2025. <https://doi.org/10.1007/s10899-024-10347-x>
- Dowling, N. A., Merkouris, S. S., Greenwood, C. J., Oldenhof, E., Toumbourou, J. W. og Youssef, G. J.

- (2017). Early risk and protective factors for problem gambling: A systematic review and meta-analysis of longitudinal studies. *Clinical Psychology Review*, 51, 109–124. <https://doi.org/10.1016/j.cpr.2016.10.008>
- Dómsmálaráðuneytið. (2022, 1. desember). *Lok starfa starfshóps ráðherra – Skýrslur, álit og tillögur*. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Starfsh%C3%B3pur%20um%20happdr%C3%A6ttism%C3%A1ll.pdf>
- Dussault, F., Dufour, M., Brunelle, N., Tremblay, J., Rousseau, M., Leclerc, D. og Cousineau, M. (2020). Who are the young poker players? A latent class analysis of high school teenagers. *Psychology of Addictive Behaviors*, 34(2), 392–402. <https://doi.org/10.1037/adb0000540>
- ESPAD. (2016). *The 2015 ESPAD report. Results from the European school survey project on alcohol and other drugs* [ePub edition]. <https://doi.org/10.2810/892603>
- ESPAD. (2025a). *Key findings from the 2024 European school survey project on alcohol and other drugs (ESPAD)*. European Union Drugs Agency. <https://doi.org/10.2810/5746644>
- ESPAD. (2025b, 20. maí). *New ESPAD survey results: Teen substance use down, but new risks emerging*. <https://www.espad.org/node/1139>
- King, D. L., Russel, A. og Hing, N. (2020). Adolescent land-based and internet gambling: Australian and international prevalence rates and measurement issues. *Current Addiction Report*, 7, 137–148. <https://doi.org/10.1007/s40429-020-00311-1>
- Langham, E., Thorne, H., Browne, M., Donaldson, P., Rose, J. og Rockloff, M. (2016). Understanding gambling related harm: A proposed definition, conceptual framework, and taxonomy of harms. *BMC Public Health*, 16, 80. <https://doi.org/10.1186/s12889-016-2747-0>
- Lombardi, G., Molinaro, S., Cotichini, R., Cerrai, S., Scalese, M. og Benedetti, E. (2024). The cards they're dealt: Types of gambling activity, online gambling, and risk of problem gambling in European adolescents. *Social Science & Medicine*, 363, 117482. <https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2024.117482>
- Lög um happdrætti nr. 38/2005.
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- Mateo-Flor, J., Alguacil, M. og González-Serrano, M. H. (2020). Gambling and sports betting by teenagers. *Journal of Physical Education and Sport*, 20(2), 605–614. <https://doi.org/10.7752/jpes.2020.02089>
- Montiel, I., Ortega-Barón, J., Basterra-González, A., González-Cabrera, J. og Machimbarrena, J. M. (2021). Problematic online gambling among adolescents: A systematic review about prevalence and related measurement issues. *Journal of Behavioral Addictions*, 10(3), 566–586. <https://doi.org/10.1556/2006.2021.00055>
- Nordmyr, J. og Forsman, A. K. (2020). A systematic review of psychosocial risks for gambling and problem gambling in the Nordic countries. *Health, Risk & Society*, 22(3-4), 266–290. <https://doi.org/10.1080/13698575.2020.1796929>
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Hans Haraldsson, Ólöf Ragna Einarsdóttir og Unnar Geirdal Arason. (2024). *Íslenska æskulyðsrannsóknin: Landsskýrsla: Farsældarvísar grunnskóla vorönn 2024*. <https://doi.org/10.33112/MVST2024751>
- Raitasalo, K., Järvinen-Tassopoulos, J., Rask, S. og Skogberg, N. (2024). Risk and protective factors for gambling among youth by origin: Findings from the three waves of cross-sectional Finnish school health promotion study among 238,939 students. *Journal of Gambling Studies*, 40, 1905–1919. <https://doi.org/10.1007/s10899-024-10321-7>
- Riley, B. J., Oster, C., Rahamathulla, M. og Lawn, S. (2021). Attitudes, risk factors, and behaviours of gambling among adolescents and young people: A literature review and gap analysis. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 18(3), 984. <https://doi.org/10.3390/ijerph18030984>
- Rossi, R. og Nairn, A. (2022). New developments in gambling marketing: The rise of social media ads and its effect on youth. *Current Addiction Reports*, 9, 385–391. <https://doi.org/10.1007/s40429-022-00457-0>
- Spångberg, J. og Svensson, J. (2020). Gambling among 16-year-olds and associated covariates: A Nordic comparison. *Scandinavian Journal of Public Health*, 50(2), 257–268. <https://doi.org/10.1177/1403494820923814>
- Steinberg, L. (2008). A social neuroscience perspective on adolescent risk-taking. *Developmental Review*, 28(1), 78–106. <https://doi.org/10.1016/j.dr.2007.08.002>

- Svensson, J. og Sundqvist, K. (2019). Gambling among Swedish youth: Predictors and prevalence among 15- and 17-year-old students. *Nordic Studies on Alcohol and Drugs*, 36(2), 177–189. <https://doi.org/10.1177/1455072518807788>
- Tran, L. T., Wardle, H., Colledge-Frisby, S., Taylor, S., Lynch, M., Rehm, J., Volberg, R., Marionneau, V., Saxena, S., Bunn, C., Farrell, M. og Degenhardt, L. (2024). The prevalence of gambling and problematic gambling: A systematic review and meta-analysis. *The Lancet Public Health*, 9(8), e594–e613. [https://doi.org/10.1016/S2468-2667\(24\)00126-9](https://doi.org/10.1016/S2468-2667(24)00126-9)
- Wilson, C., Butler, N. og Quigg, Z. (2024). Harms from other people's gambling: Associations with an individual's own gambling behaviours, health risk behaviours, financial problems, general health, and mental wellbeing. *Journal of Gambling Studies*, 40(3), 1–15. <https://doi.org/10.1007/s10899-024-10291-w>
- Zhai, Z. W., Hoff, R. A., Howell, J. C., Wampler, J., Krishnan-Sarin, S. og Potenza, M. N. (2021). Lottery-purchasing adolescents: Gambling perceptions, problems, and characteristics. *Journal of Gambling Studies*, 37(4), 1177–1195. <https://doi.org/10.1007/s10899-021-10004-7>



Ragný Þóra Guðjohnsen og Unnar Geirdal Arason. (2025).

Fjárhættuspílahæðun ungmenna á Íslandi: Samanburður á niðurstöðum ESPAD-spurningakönnunar frá 2015 og 2024

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun.

<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2025.1>